

Alþingi
Erindi nr. P 139/2520
komudagur 18.5.2011



**Samtök um kvænnaathvarf
Pósthólf 1486, 121 Reykjavík**

18. maí 2011

**Þskj. 1225 - 706. mál
Frumvarp til laga um nálgunarban og brottvísun af heimili**

Samtök um kvænnaathvarf fagna frumvarpi til laga um nálgunarban og brottvísun af heimili og hvetja til þess að það verði gert að lögum á yfirstandandi þingi.

Á síðasta ári leituðu 375 konur í Kvænnaathvarfið vegna ofbeldis í nánnum samböndum, þar af komu 118 konur til dvalar ásamt 54 börnum vegna þess að dvöl á heimilum þeirra var óbærileg vegna ofbeldis. Í langflestum tilfellum var um að ræða ofbeldi af hendi ýmist þáverandi eða fyrrverandi eiginmanns eða sambýlismanns. Ljóst er að hluti þessarra kvænna hefðu getað verið áfram heima hjá sér væri frumvarpið orðið að lögum

Það verða margar hindranir á vegi kvænna sem ætla að slíta ofbeldissambandi. Samtöl við brotþola hafa leitt í ljós að ein af þessum hindrunum er álagið sem fylgir því að hrekjast af heimili sínu og setjast að í neyðarathvarfið með síbreytilegum hópi ókunnugra kvænna. Þær telja að auðveldara væri að taka ákvörðun um næstu skref í öruggu skjóli heimilisins með ofbeldismanninn fjarri og jafnframt að við þær aðstæður gætu þær sinnt þörfum barna sinna betur.

Það er trú Samtaka um kvænnaathvarf að verði frumvarpið að lögum muni lög um nálgunarban og brottvísun af heimili auka öryggi og lífsgæði brotþola ofbeldis í nánnum samböndum til muna. Einnig hefur það ávalt verið skoðun okkar að það sé beinlínis rangt að brotþolar þurfi að víkja af heimilum sínum á meðan þeir sem ekki eru húsam hæfir sitja sem fastast.

Fyrir hönd Samtaka um kvænnaathvarf,
Sigþrúður Guðmundsdóttir framkvæmdastýra